



6. desember 2024

Tilv.: 2408113

Dreifibréf nr: 32/2024

Til: Rekstrarfélagi verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða auk Samtaka fyrirtækja í fjármálþjónustu.

Efni: Viðmiðunarreglur um heiti sjóða sem nota hugtök sem tengjast UFS eða sjálfbærni.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur um heiti sjóða sem nota hugtök sem tengjast UFS¹ eða sjálfbærni (ESMA34-1592494965-657; Guidelines on funds' names using ESG or sustainability-related terms; hér eftir *viðmiðunarreglurnar*).

Viðmiðunarreglunum er beint að rekstrarfélögum verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði, rekstraraðilum sérhæfðra sjóða, sbr. lög nr. 45/2020 um sama efni, rekstraraðilum evrópskra áhættufjármagnssjóða og evrópskra félagslegra framtakssjóða, sbr. lög nr. 31/2022 um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði, rekstraraðilum evrópskra langtímafjárfestingarsjóða, sbr. lög nr. 115/2022 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, og rekstraraðilum peningamarkaðssjóða, sbr. lög nr. 6/2023 um peningamarkaðssjóði.

Viðmiðunarreglurnar tilgreina nánar þegar notkun á hugtökum í heiti sjóða, er tengjast umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum eða sjálfbærni, er ósanngjörn, óljós eða villandi. Vakin er athygli á því að upptalning hugtaka í viðmiðunarreglunum er ekki tæmandi, enda verður hugtakanotkun ávallt að vera í samræmi við meginreglur um viðskiptahætti, þ.m.t. skylduna til að starfa af heiðarleika og sanngirni og skyldunnar til að tryggja að upplýsingar í markaðsefni séu settar fram með sanngjörnum og skýrum hætti sem ekki er villandi. Horft verður til íslenskra þýðinga hugtaka sem koma fyrir í viðmiðunarreglunum, eins og þau birtast í þýddum útgáfum SFDR², Taxonomy³ og reglugerð (ESB) nr. 2022/1288. Viðmiðin eiga við um hugtökin óháð því á hvaða tungumáli þau eru sett fram.

Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að útfæra nánar skyldur a-liðar 1. mgr. 14. gr. UCITS tilskipunarinnar⁴, a-liðar 1. mgr. 12. gr. AIFMD tilskipunarinnar⁵ og 1. mgr. 4. gr. CDBF

¹ UFS stendur fyrir umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti. Skammstöfunin er þýðing á ESG sem stendur fyrir environmental, social, and governance.

² Reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálþjónustu.

³ Reglugerð (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu.

⁴ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS).

⁵ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

reglugerðarinnar⁶, en þau ákvæði fjalla um þær skyldur rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða að starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og að tryggja að upplýsingar í markaðsefni sé sett fram með sanngjörnum, skýrum og ekki villandi hætti.

Viðmiðunarreglurnar eru gefnar út m.a. á grundvelli 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru í íslenskan rétt með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Samkvæmt ákvæðinu eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Fjármálaeftirlitið beinir því til viðtakenda þessa dreifibréfs að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Í tilviki sjóða sem voru stofnaðir fyrir 1. desember sl. taka viðmiðunarreglurnar til þeirra frá og með 1. júní 2025, til samræmis við aðlögunartímabil í 4.-6. tl. viðmiðunarreglnanna.

Dreifibréf þetta verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
framkvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Inga Dröfn Benediktsdóttir
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

⁶ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri.

